

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 11. september 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þröstur Helgason og Brynhildur Þórarinsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málrættarþing 15. nóvember, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 5/2018, 3. lið. Rætt var um fyrirhugað málrættarþing í nóvember og undirbúning þess. Búið er að velja fyrirlesara og fundarstjóra. Málrættarþingið verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og verður með hefðbundnu sniði.

2. Ályktun Íslenskrar málnefndar 2018

Hilmar kynnti drög að ályktun Íslenskrar málnefndar 2018 en í ár er sjónum beint að íslensku í fjölmenningsamfélagi. Farið var yfir skjalið á fundinum og stefnt að því að ljúka verkinu á næsta fundi. Hilmar mun kynna ályktunina á málrættarþinginu.

3. Áhersluatriði næsta starfsárs.

Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019 (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>) er áhersluatriði næsta starfsárs að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað. Eftir að stefnuskráin var birt hefur orðið sú breyting að nú er komin leitargáttin Málið.is sem opnuð var 2016. Þar er að finna nokkur gagnasöfn um íslensku frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Orðabækur eru mjög dýrar í vinnslu og prentaðar orðabækur seljast illa. Rætt var um að aðgangur að orðabókum þyrfti að vera opin og að styrkir væru nauðsynlegar til að hægt væri að vinna að orðabókum og nauðsynlegum endurbótum á þeim. Stefnt er að fundi með ýmsum aðilum um hvernig best verði staðið að því að gera fræðslufni um íslenskt mál, t.d. orðabækur og málfarsleiðbeiningar, aðgengilegt á vefnum.

4. Nýjar greinarmerkjareglur og kynning á þeim.

Íslensk málnefnd hefur endurskoðað íslenskar greinarmerkjareglur og hafa þær verið auglýstar á vefnum í Stjórnartíðindum 755/2018. Krístrún Heiða Hauksdóttir, upplýsingafulltrúi í mennta- og menningarmálaráðuneyti, ætlar að koma með tillögu um kynningu á reglunum, s.s. í skólum.

Ákveðið var að Ágústa hefði samband við Krístrúnu Heiðu til að fá upplýsingar um hvernig kynningin á greinarmerkjareglunum gengur.

5. Notkun ensku á bifreiðum lögreglu.

Íslenskri málnefnd barst ábending í maí sl. að enska væri notuð í merkingum á nýjum lögreglubílum. Íslensk málnefnd sendi í júní bréf til Ríkislögreglustjóra þar sem bent var á að þessar merkingar brytu í bág við íslenska tungu. Svarbréf barst frá Ríkislögreglustjóra þar sem því var haldið fram að notkun lögreglu á enska orðinu „Police“ færi ekki gegn lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011.

Guðrún hafði samband við mennta- og menningarmálaráðuneytið og óskaði eftir álitum lögfræðings ráðuneytisins á því hvaða lög væru æðri lögum um íslenska tungu. Svar hefur ekki enn borist.

6. Önnur mál

a) Þing norrænu málnefndanna í Þórshöfn

Árlegt þing norrænu málnefndanna var haldið í Þórshöfn í Færeyjum 30.–31. ágúst og jafnframt var haldinn netverksfundur norrænu málnefndanna. Ísland fer með formennsku í norræna málnefndarsamstarfinu á næsta ári.

b) Málfrægnir

Tímaritið *Málfrægnir* hefur verið endurútgefið sem vefrit og er birt á heimasíðu Íslenskrar málnefndar: <http://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2018-25-1-tbl.pdf>. Meginefni þessa rits er helgað málþinginu „Unga fólkið og bókmenntirnar“ sem haldið var í Fjölbrautarskólanum við Ármúla 7. febrúar sl.

c) Ábendingar Íslenskrar málnefndar

Samkvæmt 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 getur Íslensk málnefnd átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.

Rætt var um að hafa umboðsmann íslenskunnar sem m.a. hefði tök á því að fylgja eftir ábendingum málnefndarinnar.

d) Human Language Project

Óskað var eftir stuðningsyfirlýsingu frá Íslenskri málnefnd við máltækniverkefnið Human Language Project (<http://human-language-project.eu/>). Undirrituð stuðningsyfirlýsing var send 27. ágúst sl.

Fundi lauk kl. 16.05.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.